

Þá ber samkvæmt 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna að svipta kærða leyfi til að aka bifreið í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 300.00.

Sá dráttur, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar að langmestu leyti af mjög framlengdum fresti, sem skipuðum verjanda kærða var veittur til að skila vörn sinni, en að öðru leyti stafar hann af önnum við embættið.

Dómsorð:

Kærði, Þorsteinn Elton Jónsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. október 1950.

Nr. 76/1949. **Guðbjörg Árnadóttir** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Ólafi Bjarnasyni, Önnu Guðvarðsdóttur
Ólfjörð, Margréti Ólafsdóttur og
Páli Ólafssyni (Theódór B. Lindal)

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Fjárnám. — Ágreiningur um eignarrétt að munum.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 29. apríl 1949, að fengnu gjafsóknarleyfi, dags. 27. júní 1949, og áfrýjunarleyfi, dags. 27. apríl sama ár.

Í Hæstarétti hefur áfrýjandi gert eftirfarandi dómkröfur: Að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt með þeim hætti, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma fjárnám í öllum þeim munum, sem upp voru skrifaðir hjá stefndu 24. nóvember 1947, til tryggingar kröfum hans á hendur stefnda Ólafi Bjarnasyni samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 20. marz 1945 með vöxtum og kostnaði. Svo krefst hann og, að hin stefndu verði dæmd in solidum til að greiða honum að skaðlausu allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og það væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal þóknun til skipaðs talsmanns hans eftir mati dómsins.

Af hálfu stefndu er þess krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða stefndu, hverju um sig, málskostnað fyrir Hæstarétti að skaðlausu eftir mati Hæstaréttar.

Í hinum áfrýjaða úrskurði hefur héraðsdómarinn eigi rökstutt það, að fjárnám er ekki leyft í munum þeim, sem taldir eru í töluliðunum 20, 22, 23, 24, 27 og 31 í uppskriftargerð fógetaréttarins 24. nóvember 1947. Munir þessir voru samtals virtir á kr. 16.00, og þykir þegar með hliðsjón af því eigi vera ástæða til að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð af þessum sökum.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda, kr. 600.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 600.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 7. ágúst 1948.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 27. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Guðbjörg Árnadóttir, krafizt þess, að gert verði fjárnám í svo miklu af eignum gerðarþola, Ólafs Bjarnasonar, Lindargötu 32, hér í bænum, að nægi til fullnægju skuldar samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 20. marz 1945, að upphæð kr. 2423.35 með 6% ársvöxtum frá 11. marz 1943 til greiðsludags, kr. 350.00 í málskostnað auk alls kostnaðar við hina umbeðnu fjárnámserð og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli, Ólafur Bjarnason, hefur lýst yfir því, að hann sé algerlega eignalaus, en jafnframt mótmælt því, að fjárnám verði gert í þeim munum, sem upp hafa verið skrifaðir og gerðarbeiðandi sérstaklega krafizt fjárnáms í, með því að hann sé ekki eigandi þeirra, en til vara, ef svo yrði litið á, að heimilt væri að gera í þeim fjárnám, verði honum heimilt að undanskilja fjárnámi verðmæti að upphæð kr. 500.00.

Kona gerðarþola, Anna Guðvarðsdóttir Ólfjörð, hefur gengið inn í mál þetta og mótmælt fjárnámi í tilteknum munum vegna þess, að þeir séu hennar eign. Sömmuleiðis hafa börn gerðarþola þau Páll Ólafsson og Margrét Ólafsdóttir gengið inn í málið og mótmælt fjárnámi í þeim munum, sem þau telja vera sína eign. Varnaraðiljar hafa hver um sig krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Málavextir eru í stuttu máli þeir, að gerðarbeiðandi fluttist árið 1933 til gerðarþola sem ráðskona og vann hjá honum til haustsins 1937. Í apríl 1938 kvæntist gerðarþoli Önnu Guðvarðsdóttur Ólfjörð og fluttist inn á heimili hennar. Skuld sú, sem gerðarbeiðandi æskir eftir fullnægju á í máli þessu, er eftirstöðvar af ráðskonukaupi hennar frá þeim tíma, er hún vann hjá gerðarþola.

Gerðarbeiðandi sneri sér til fúgetaréttarins með beiðni, dags. 11. sept. 1945, og óskaði eftir, að fjárnám yrði gert hjá gerðarþola, og var fjárnámið tekið fyrir hér í réttinum 26. s. m., en frestað vegna framkominna mótmæla gerðarþola. Úrskurður út af mótmælum þessum féll 31. október 1945 þess efnis, að fjárnám skyldi fara fram í hjúskapar- og séreign gerðarþola. Hins vegar var neitað um fjárnám í hjúskapar- og séreign eigin konu hans, Önnu Guðvarðsdóttur Ólfjörð. Gerðarbeiðandi vildi ekki ána úrskurðinum og áfrýjaði honum til Hæstaréttar, að fengnu áfrýjunarleyfi, með stefnu, dags. 14. júní 1946. Niðurstaða Hæstaréttar varð sú, að nefndur úrskurður var ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar í fúgetaréttinum, þar sem eigi hafði verið krafizt fjárnáms í ákveðnum munum.

Samkvæmt þessu óskaði gerðarbeiðandi þess, að málið væri tekið til meðferðar að nýju hér í réttinum, með beiðni, dags. 27. ágúst 1947. Hinn 24. nóv. s. á. fór fram uppskrift á nokkrum munum á heimili gerðarþola, sem gerðarbeiðandi taldi vera eign hans. Munir þessir verða taldir upp hér á eftir.

Flutningur málsins hefur nær eingöngu beint að því að leiða í ljós, hver sé eigandi hinna uppskrifuðu muna. Gerðarbeiðandi heldur því fram,

að um eignir gerðarþola sé að ræða, en varnaraðiljar staðhæfa hið gagnstæða. Hagkvæmast þykir að taka til athugunar, hvað fram hefur komið um hvern hlut fyrir sig, og verður það gert hér á eftir.

Til hægðarauka verða þeir númeraðir á sama hátt og gert var við uppskrift.

1. *Rafknúin saumavél.* Anna Guðvarðsdóttir Ólfjörð taldi upphaflega vél þessa keypta fyrir sjálfsaflafé sitt, en síðar skýrði hún svo frá, að hún sé jólagjöf til sín persónulega á jölunum 1945 frá Viðari Thorsteinsson heildsala. Nefndur Viðar hefur skýrt svo frá sem vitni í málinu, að hann hafi fengið Önnu saumavél þessa til afnota bæði vegna þess, að honum fundust ekki fullgreidd þau störf, sem hún hafði fyrir hann gert, svo og í vináttu skyni. Kveðst hann hafa ætlað henni að hafa vélina til persónulegra nota fyrir sjálfa sig og til að inna af höndum þau störf, sem hún kynni að vinna fyrir hann og móður hans. Enn fremur segir hann: „Að svo miklu leyti sem frú Anna á rétt á vélinni, er það algerlega persónulegur réttur og um að ræða persónulega gjöf frá mér til hennar“.

Af þessari skýrslu, sem þykir, eins og á stendur, verða að leggja til grundvallar um það, hvernig umrædd vél komst í vörzlur bús þeirra hjóna Önnu Ólfjörð og gerðarþola, er ljóst, að hér er um gjöf að ræða og ef til vill að nokkru leyti gjald fyrir þjónustu, sem frúin hefur látið í té persónulega. Réttur hennar á vélinni virðist og vera algerlega bundinn við hana persónulega samkvæmt áðurnefndri skýrslu gefandans. Meira að segja er svo að sjá, sem það hafi verið ákvörðunarástæða fyrir afhendingu vélarinnar af hans hálfu, að Anna Ólfjörð nyti hennar og notaði hana jafnframt í þágu gefandans og móður hans. Þykir því verða að neita um fjárnám í þessum hlut.

2. *Stigin saumavél.* Anna Ólfjörð kveðst hafa keypt saumavél árið 1936 hjá Reiðhjólaverkstæðinu Erninum. Árið 1940 kveðst hún hafa skipt á henni við Ólöfu Halldórsdóttur, Lindargötu 39. Með rskj. nr. 12 þykir sannað, að frásögn hennar um kaup á vélinni sé rétt. Nefnd Ólöf hefur og staðfest frásögn hennar um skipti þau, er hún telur þær hafa haft á saumavélum. Eftir atvikum þykir einnig verða að telja staðhæfingu Önnu um þessi vélaskipti nægilega sannaða.

Það er því ljóst, að hin umdeilda saumavél er komin í bú gerðarþola og Önnu Ólfjörð í stað vélar, sem hún átti, áður en hjúskapur milli þeirra var stofnaður, án þess að nokkurt annað verðmæti kæmi fyrir til viðbótar. Það þykir eðlilegast að líta svo á, að saumavél þessi teljist hjúskapareign Önnu. Lög nr. 20 frá 20. júní 1923 virðast ekki kveða skýrt á um þetta tilvik, en þessi skilningur virðist vera í samræmi við 23. gr. þeirra, sem fjallar um séreign, en engar skynsamlegar ástæður virðast vera fyrir því, að aðrar reglur gildi um hjúskapareign en séreign að þessu leyti. Samkvæmt þessu verður að neita um fjárnám einnig í þessari saumavél.

3. *Hlutabréf.* Það er upplýst, að Anna Ólfjörð er skráð fyrir eitt þúsund króna hlutafé í verzlun Matthildar Björnsdóttur h/f. Ástæðan fyrir því virðist hafa verið sú, að frú Matthildi Björnsdóttur vantaði fimmta mann

til þess að geta stofnað löglegt hlutafélag, og virðist Anna hafa orðið fyrir valinu sakir kunningsskapar þeirra. Önnu og Matthildi Björnsdóttur, sem mætt hefur hér í réttinum sem vitni, kemur saman um, að Anna hafi aldrei greitt hlutafé þetta, enda var upplýst í munnlegum flutningi málsins, að hún hafi aldrei fengið bréf fyrir þessari upphæð í sínar vörzlur. Báðar virðast þær líta svo á, að Matthildur hafi umrætt bréf að handveði fyrir hinu vangreidda hlutafé. Gerðarbeiðandi nefur ekki sérstaklega mótmælt því, að umrætt hlutafé sé ógreitt. Verður því að leggja skýrslur þeirra Önnu og Matthildar til grundvallar um þetta atriði. Af framan-sögðu sést hins vegar, að sú eign, sem kann að vera fólgin í nefndu hluta-bréfi, er til orðin eingöngu fyrir atbeina nefndrar Önnu. Bréfið er því hjúskapareign hennar samkvæmt 17. gr. laga nr. 20 frá 20. júní 1923, og verður ekki af þeim sökum gert fjárnám í því.

4. *Standlampi*. Telja verður, að Anna Ólfjörð hafi ekki fært nægilegar sönnur á, að hún sjálf hafi aflað þeirra peninga, sem nefndur standlampi var keyptur fyrir. Framkomin mótmæli gegn fjárnámi í honum verða því ekki tekin til greina.

5. og 6. *Armstóll og borðstofustóll*. Vitnin Vilmar Thorstensen, Margrét Halldórsdóttir, Marzelía Jónsdóttir, Hjalti Finnbogason og Matthildur Björnsdóttir hafa öll staðfest hér í réttinum, að þessir munir hafi verið til á heimili Önnu frá fyrra hjónabandi hennar. Verður því að telja, að sannað sé, að þessir munir séu hjúskapareign hennar.

7. *Tveir kollóttir stólar með púðum*. Anna Ólfjörð hefur skýrt svo frá, að stólarnir séu afmælisgjöf til sín persónulega 15. des. 1944. Síðar kveðst hún hafa gefið Margréti stjúpdóttur sinni annan stólinn. Gefendurnir, Matthildur Björnsdóttir og Hjalti Finnbogason, hafa staðfest, að rétt sé frá skýrt um það atriði, sem þau varðar, og Margrét um hitt. Þessa vitnisburði þykir verða að leggja til grundvallar og taka framkomin mótmæli gegn fjárnámi í munum þessum til greina. Hins vegar verður að leyfa fjárnám í ofanefndum púðum, enda ósannað, að efni það, sem í þá fór, hafi tilheyrt Önnu, áður en hjúskapur þeirra gerðarþola var stofnaður.

8., 9. og 10. *Þrjár „pullur“, fjórir púðar og þrífætt blómaborð*. Telja verður sannað með framburði vitnanna Vilmars Thorstensen, Margrétar Halldórsdóttur, Marzelíu Jónsdóttur og Hjalta Finnbogasonar, að munir þessir, að undantekinni einni „pullu“, hafi verið til í búi Önnu, áður en hjúskapur var stofnaður með þeim gerðarþola. Fjárnám verður því aðeins leyft í nefndri „pullu“, sem virðist hafa bætzt búi hennar síðar.

11. *Gítar*. Með vitnisburðum Unnar Guðjónsdóttur og Jóhönnu Jóhannesdóttur þykir sannað, að Margrét Ólafsdóttir eigi nefndan gítar.

12. *Rafmagnsofn*. Páll Ólafsson heldur því fram, að hann sé eigandi að ofni þessum. Systir hans, Margrét Ólafsdóttir, Anna Ólfjörð og gerðarþoli hafa öll borið, að rétt sé frá skýrt um mun þenna.

Þegar þess er gætt, að nefndur Páll er í sama heimili og gerðarþoli, verður ekki talið óeðlilegt, að fyrir geti komið, að munir, sem hann á, séu utan svefnherbergis hans. Verður því eftir atvikum að leggja skýrslur

hans og heimilisfólksins til grundvallar og neita um fjárnám í þessum hlut.

13.—18. *Kassi, blómsturpottur úr leir, blómsturpottur úr eir, kerta-stjaki, leirvasi með höldu og diskur.* Telja verður ósannað, að munir þessir séu hjúskapar- eða séreign Önnu Ólfjörð, að undanskildum kassa nr. 13., en hvað hann varðar þykir verða að byggja á vitnisburði Matthildar Björnsdóttur. Fjárnám verður því ekki leyft í honum.

19. *Anna frá Stóruborg.* Telja verður nægilega sannað með framburði Jóhönnu Jóhannesdóttur ásamt öðru, sem fram hefur komið í málinu, að Margrét Ólafsdóttir eigi þessa bók, enda er hún í heimili með gerðarpola á sama hátt og Páll bróðir hennar.

21., 26., 28., 29., 30. *Bíblíuljóð 1. og 2. bindi, Store Nordiske Konversations Leksikon, Lærebog i Fysik, Fuldkommen Sundhed og Vejen dertil, og Historischer Schul-Atlas.* Telja verður ósannað, að bækur þessar séu hjúskapareign Önnu, og verða því mótmæli gegn fjárnámi í þeim ekki tekin til greina.

32. *Ómálað borð með dúk.* Þessa muni telja vitnin Matthildur Björnsdóttir, Vilmar Thorstensen, Hjalti Finnbogason, Margrét Halldórsdóttir og Marzelía Jónsdóttir hafa verið til í búi Önnu frá fyrra hjónabandi. Fjárnám verður því ekki leyft í þeim.

33. *Óstoppaður bekkur með teppi og púðum.* Telja verður sannað með skýrslu Matthildar Björnsdóttur, að bekkurinn sé gjöf frá henni til Önnu persónulega, enda liggur það fyrir í málinu, að hún sefur á honum. Ber því að neita um fjárnám í honum. Hins vegar er ekki ljóst, hvenær eða hvernig teppið og púðarnir komust í vörzlur Önnu. Verður því að leyfa fjárnám í þeim.

34. *Málaður skápur.* Með vitnisburði Ólafar Halldórsdóttur og öðrum reyndum málsins verður að telja sannað, að Margrét Ólafsdóttir eigi þenna skáp.

35. og 36. *Glerskál og kaffikanna úr gleri.* Með vitnisburði gefendanna, Önnu Oddgeirs og Marzelíu Jónsdóttur, verður eftir atvikum að telja nægilega sannað, að munir þessir séu tækifærissgjafir til Önnu Ólfjörð persónulega. Þykir því verða að neita um fjárnám í þeim.

37. *Útvarpstæki.* Það verður að telja upplýst, að Anna Ólfjörð átti útvarpstæki, áður en hún giftist gerðarpola. Þessu tæki kveðst fráun hafa skipt fyrir annað, er hún eigi nú, og hafi hún gefið kr. 35.00 á milli. Það er ekki vitað, hversu tæki þessi voru verðmæt, er skipti fóru fram. Hins vegar er viðurkennt, að fé það, sem gekk til milligjafarinnar, var nokkru hærra en virðingarverð hins uppskrifaða tækis. Með tilliti til þessa verða mótmæli gegn fjárnámi í þessum mun ekki tekin til greina, enda ósannað, að áðurnefnd milligjöf hafi verið greidd af sjálfsaflafé Önnu.

Samkvæmt þessu ber að leyfa fjárnám í eftirgreindum munum: Standlampa, púða, „pullu“, blómsturpotti úr eir, blómsturpotti úr leir, kerta-stjaka, leirvasa með höldu, disk, Bíblíuljóðum 1. og 2. bindi, Store Nordiske Konversations Leksikon, Fuldkommen Sundhed og Vejen dertil, Lærebog i Fysik, Historischer Schul-Atlas, teppi, púðum og útvarpstæki.

Taka verður til greina kröfu gerðarþola, sem hefur fyrir heimili að sjá, um það, að honum heimilist að undanskilja fjárnámi muni að virðingarverði kr. 500.00, enda hefur henni ekki verið mótmælt.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Úrskurður þessi er ekki fyrir kveðinn upp vegna mikilla anna við embættið.

Því úrskurðast:

Umbeðið fjárnám skal fara fram í standlampa, púða, „pullu“, blómsturpotti úr eir, blómsturpotti úr leir, kertastjaka, leirvasa með höldu, disk, Biblíuljóðum 1. og 2. bindi, Store Nordiske Konversations Leksikon, Lærebog i Fysik, Fuldkommen Sundhed og Vejen dertil, Historischer Schul-Atlas, teppi, púðum og útvarpstæki, þó þannig, að gerðarþola heimilast að undanskilja fjárnámi muni að virðingarverði kr. 500.00.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 30. október 1950.

Nr. 56/1950. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson)
gegn

Gunnari Marel Jónssyni (Einar Ásmundsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á ákvæðum áfengisлага, bifreiðalaga og umferðarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Gunnar Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Ákærði hafði ekki látið endurnýja ökuskríteini sitt samkvæmt ákvæðum 5. málgr. 20. gr. laga nr. 23/1941, og var skírteini hans því ógilt. Akstur ákærða án þess að hafa ökuskríteini varðar við 1. málgr. 20. gr. laga nr. 23/1941. Að öðru leyti hefur héraðsdómari fært brot ákærða réttilega til refsíákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.